

Fundargerð 125. fundar stjórnar VM

Fundur haldinn fimmtudaginn 16. ágúst 2018 kl. 11:00 í VM húsinu, Stórhöfða 25.

Mættir: Guðmundur Helgi Þórarinsson, Samúel Ingvason, Brynjólfur Árnason, Andrés Bjarnason, Agnar Ólason, Sigurður Gunnar Benediktsson, Jón Kornelíus Gíslason og Þorsteinn Hjálmarsson

Fjarverandi: Símon Guðvarður Jónsson, Guðni Þór Elisson, Svanur Gunnsteinsson og Kristmundur Skarphéðinsson

Guðni Gunnarsson ritar fundargerð.

Dagskrá fundar

1. Frágangur á fundagerð stjórnarfundar VM nr.123

Fundargerð síðasta fundar er samþykkt.

2. Yfirferð yfir verkefni og stöðu kjaramála VM

Formaður fer yfir stöðuna. Búið að ganga frá samning fyrir hvalaskoðun, samningurinn var látinn liggja í þrjár vikur. Rétt fyrir að samningurinn átti að taka gildi barst skrifleg beiðni til skipstjórnarmanna um að kjósa um samning, þeirri beiðni var hafnað þar sem hún kom of seint fram.

Fiskeldin áttu að vera undir þessum samning í byrjun en neituðu að vera með í samningnum þegar skrifað var undir samninginn en það á að byrja að ræða við þá í september n.k.

Samninganefnd almenna samningsins, við viljum hafa nefndina sem stærsta. Búið að fara á vinnustaðafundi og halda 2 fundi í nefndinni. Megin áherlsa er á að hækka þá upphæð sem endar í veskinu, stytta vinnuvikuna og færa taxta nær greiddum launum.

Samstarf iðnfélaganna, snýst svolítið um að reyna að ná einum af þessum þremur forsetum, þeir sem hafa boðið sig fram í þetta verkefni eru formaður RSÍ og formaður FIT. Formaður VM óskaði eftir því að stjórn veitti sér leyfi til að styðja formann RSÍ í hans framboði til varaforseta ASÍ og samþykkti stjórnin það.

Ráða á hagfræðing til að vinna fyrir iðnaðarsamfélagið.

Orkugeirinn. Erum byrjuð að ræða við samninganefndir þar og hefur verið stofnuð facebooksíða þar um hópinn.

Össur. Reynt að halda vinnustaðafund sem en enginn félagsmaður VM sá auglýsinguna sem fyrirtækið hengdi upp fyrir okkur. Rætt um hvernig renniverkstæðið er mannað hjá þeim, mikið um opereitara á rennibekkjum og örfáir rennismiðir sem þjónusta þá.

[Sea data center. – kaup á skýrslum.](#)

<https://seadatecenter.com>

Þetta er vefur sem heldur utan um fiskverð meðal annars í Noregi, Danmörku, Færeyjum, Íslandi, Bretlandi og Frakklandi. Þarna er hægt að finna verð á mörkuðum og einstaka verslunum í Evrópu. Gott að setja þessar upplýsingar á heimasíðu VM fyrir félagsmenn.

Allir samþykktir að kaupa þessa skýrslu. Kostnaður væri á bilinu 200 – 300. Þús. Kr. á ári. Óskað var eftir því að upplýsingunum yrði komið á framfæri við félagsmenn á heimasíðu VM ef til kaupanna kæmi.

3. Skipun Orlofsnefndar.

Allir sem setið hafa í orlofsnefnd gefa kost á sér áfram – Samþykkt að þeir haldi áfram fram yfir næsta aðalfund.

Viðhald og kostnaður orlofshúsa.

Formaður vill leggja til að orlofsnefnd hafi lengri fjárhagsáætlun en bara fjárhagsárið jafnvel til 5 ára. Þegar koma upp stærri áföll geta þau klárað fjárheimildir á miðju ári og þá stendur allt fast fram að næsta aðalfundi.

Hraunborgir þarf að fara í stórar framkvæmdir þar sem allt svæðið er á sama hitaveitumælinu og sama rafmagnsmæli fyrir hvern botnlanga, í okkar tilfalli eru 19 hús á sama mæli og við. Búið er að samþykkja að fara í að setja sér rafmagnsmælir fyrir hvert hús. Það liggur líka fyrir að endurnýja þarf hitaveituna á svæðinu.

Það er orðið töluvert af Airbnb bústöðum á svæðinu.

Rætt um að selja þennan bústað. Verðmat bústaðs er upp á 14 milljónir. Leita eftir tilboði í bústaðinn og fá annað verðmat.

Laugarvatn. Okkur býðst að kaupa bústað sem er við hliðin á okkar svæði á Laugarvatni.

Um að gera að þreifa á eigandanum um verðhugmynd. Prófa að bjóða Hraunborgir upp í.

[Einarsstaðir kostnaður Rafiðnaðarsambands](#)

Það þarf að gera það gamla upp eða rífa gamla húsið og byggja nýtt á Einarsstöðum. Það var leigt út í sumar á lægra verði.

Við erum skuldbundin til að greiða í félagið sem heldur utan um svæðið hvort sem við erum með hús á svæðinu eða ekki.

Fá verðhugmyndir í breytingar og stækkun á húsinu.

Húsin á Kirkjubæjarklaustri eru líka léleg en það er hægt að geyma þau í vetur.

sú kona erm hefur séð um húsin okkar er að flytja í bæinn. Dóttir hennar er að flytja til Kirkjubæjarklausturs og er til í að sinna okkar húsum.

4. Samstarf í orlofsmálum VM – FMA

[Drög að samning milli VM og FMA voru lögð fram](#)

Jóhann Rúnar formaður FMA forfallast á fundinn.

FMA eru til í samstarf við okkur en vilja fara hægt af stað. Fara í samstarf yfir vetrartímann til að byrja með.

Mönnum líst vel á þetta fyrsta skref.

Drögin verða send á FMA og unnið að samkomulagi.

5. Lagt fram til upplýsingar.

[Aldursskipting félagsmanna](#)

Formaður fer yfir skjalið og er mikil ánægja með aukningu í flokknum 35 ára og yngri.

Skoða iðnfræðinga hvernig staða þeirra innan VM er. Athuga hve margir iðnfræðingar eru að greiða til VM.

6. Önnur mál

Formaður ræddi um nefndir félagsins. Semja þarf nýjar skipunnar reglur fyrir nefndirnar. Skoða skipunnar dagsetningar í nefndum.

Hafa á heimasíðu VM í hvaða nefndum VM á aðila í.

Rætt um aðstöðu trúnaðarmanna. Það þyrfti að setja í samninga að trúnaðarmenn hefðu læst rými.

Þing ASÍ. Rætt um fulltrúa VM og hugsanlega frambjóðendur til forseta ASÍ. Halda fund með fulltrúum VM fyrir þingið. Auglýsa eftir fulltrúum á þingið á heimasíðu VM.

Fundi slitið kl.15:25